| Hlutfall | Matsatriði | Nánari útlistun | Hvaðan kemur | Nánar |
|---|---|---|---|---|
| 20% | Efling menningarlífs | Til eflingar menningar og mannlífs.<br>Áhrif á lífsgæði íbúa.<br>Styður við menningarstarf í ólíkum hverfum borgarinnar. | Úr samstarfssáttmála | Við ætlum að hafa viðburði og hátíðir allt árið um kring þannig að Reykvíkingar hafi alltaf eitthvað til að hlakka til |
| | | | Reglur Rvk um styrki | Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi |
| | | | Menningarstefna | Reykjavíkurborg er borg lista og laðar að sér listafólk og njótendur lista og menningar frá öllum heimshornum |
| | | | Menningarstefna | Hlúð er að uppbyggingu og dreifingu menningar og lista í hverfum borgarinnar |
| | | | Menningarstefna | Listir, menning, hönnun og arkitektúr eru lykilöfl í uppbyggingu hverfa Reykjavíkurborga og stuðla að auknum lífsgæðum íbúa |
| | | | Menningarstefna | Listin er alls staðar nálæg, óháð formlegum rýmum og hluti af daglegu lífi í borginni. List vekur ýmis hughrif, hreyfir við hugmyndum og hneykslar jafnvel. Hún gleður og hristir upp í fólki |
| 20% | Aðgengi og inngilding | Opið / aðgengilegt almenningi.<br>Sýnileiki og kynningarmál.<br>Aðgengi og ævilöng inngilding.<br>Mannréttindi, jafnrétti og fjölbreytileiki. | Menningarstefna | [Styrkir borgarinnar...] Sérstök áhersla er lögð á að auðvelda aðgengi ungs listafólks og listafóls sem tilheyrir jaðarhópum, að styrkjum |
| | | | Menningarstefna | Áhersla er lögð á að styðja við sjálfstæð menningarverkefni sem stuðla að fjölbreytni og inngildingu viðkvæmra og jaðarsettra hópa |
| | | | Menningarstefna | Viðburðir og annað framboð í menningar- og listalífi borgarinnar er sýnilegt á miðlum sem ná til fjölbreytts fólks |
| | | | Menningarstefna | Reykjavíkurborg leggur sérstaka áherslu á barnamenningu og að öll börn í Reykjavík taki þátt í og hafi aðgang að menningu og listum |
| | | | Mannréttindastefna | Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að fara fram á að samstarfsaðilar sem þiggja styrki frá borginni geri mannréttindaáætlun með mælanlegum markmiðum |
| | | | Mannréttindastefna | Styrkir Reykjavíkurborgar eru bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti. Mannréttindaráð getur krafið styrkþega um greinargerð um ráðstöfun styrks til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli, eigi það við |
| | | | Menningarstefna | Markmið UNESCO:<br>Menntun fyrir alla<br>Aukinn jöfnuður |
| | | | Menningarstefna | Menning og listir eru sýnilegar og aðgengilegar í öllum hverfum Reykjavíkur |
| 30% | Listrænt gildi | Efling listgreinar.<br>Nýsköpun og gróska í listum. | Menningarstefna | Styrkir borgarinnar stuðla að eflingu listgreinanna á þeirra eigin forsendum |
| | | | Menningarstefna | Listafólk hefur frelsi til listrænnar tjáningar |
| 20% | Fagmennska | Faglegt teymi.<br>Gæði umsóknar.<br>Raunhæf verk-, tíma- og fjárhagsáætlun.<br>Góðir stjórnunarhættir.<br>Atvinnuskapandi.<br>Rekstrarlegt gagnsæi. | Menningarstefna | Listir eru mikilvæg atvinnugrein í Reykjavíkurborg |
| | | | Reglur Reykjavíkurborgar un | Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af<br>a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð;<br>b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf;<br>c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins;<br>d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur;<br>e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi<br>f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn<br>g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. |
| | | | Menningarstefna | Markmið UNESCO:<br>Góð atvinna og hagvöxtur |
| | | | Mannréttindastefna | Ákvarðanir sem teknar eru á vegum Reykjavíkurborgar eiga að vera gagnsæjar og hafa hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi |
| 10% | X-factor | Nýsköpun og þróun.<br>Áhersla á sjálfbærni.<br>Alþjóðleg tenging - samstarf.<br>Hið óvænta. | Menningarstefna | Reykjavíkurborg fræðir þá sem fá styrki fyrir list- og menningarstarfsemi um hvernig má draga úr vistfræðilegu fótspori og hvetja þá til að tryggja sjálfbærni í rekstri |
| | | | Menningarstefna | Reykjavíkurborg skapar svigrún fyrir óvænta þróun og krafmikinn vöxt í listum. |
| | | | Menningarstefna | Markmið UNESCO:<br>Ábyrg neysla og framleiðsla<br>Sjálfbærar borgir og samfélög<br>Nýsköpun og uppbygging |
| | | | Menningarstefna | Reykjavíkurborg er borg lista og laðar að sér listafólk og njótendur lista og menningar frá öllum heimshornum |
| | | | Menningarstefna | Áhersla er lögð á að efla samstarf innanlands og á alþjóðavettvangi í listum. Stofnanir, viðburðir og verkefni borgarinnar í listum leggja rækt við alþjóðlegt samstarf |
| | | | Menningarstefna | Reykjavíkurborg stuðlar að skapandi hugsun með því að skapa rými fyrir hið óvænta og ótamda í þéttbýli |
| | | | Menningarstefna | Borgin styður við sjálfstæð verkefni sem efla alþjóðlegt samstarf liststarfsemi í Reykjavík |